



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjamarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · ssa@ssa.is · www.ssa.is

Austurlandi, 20. mars, 2019

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) mál 86, um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar.


Á fundi framkvæmdaráðs SSA þann 19. mars sl. var ofangreind umsagnarbeiðni tekin fyrir. Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) vill í þessu samhengi ítreka ályktun sína frá aðalfundi SSA 2018 og er sá kafli er sértaklega tengist málefni þingsályktunar feitletrað í neðangreindum texta.

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 vekur athygli á mikilvægi innanlandsflugs fyrir landshlutann. Skilgreina verður innanlandsflug sem almenningssamgöngur þannig að flugfargjöld verði á viðráðanlegu verði og lækkuð um helming, svo íbúar landshlutanna geti nýtt sér þjónustuna. Verðlagning innanlandsflugs rýrir búsetukosti Austurlands. Horfa á til hinnar svokölluðu skosku leiðar við niðurgreiðslu hins opinbera á flugfargjöldum, mikilvægt er að ráðherraskipaður starfshópur um rekstur flugvalla innanlands skili álíti sem fyrst. Áfram er lögð áhersla á áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengiflugi við Akureyri og mikilvægt er að veita áfram nægjanlegu fjármagni til viðhaldsframkvæmda á Vopnafjarðarflugvelli.

Leita verður lausna til framtíðar um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni sem taki mið af þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna þarf að sækja nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum, m.a. heilbrigðisþjónustu. Hefja verður framkvæmdir við uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll til að tryggja samþættingu allra samgangna innanlands

Ofangreint tilkynnist hér með

F.h. stjórnar SSA,


Jóna Árný Þórðardóttir